

# ÞÓRARINN TORFASON

Til þín brosa gráir steinar

©Þórarinn Torfason

Fyrsta útgáfa: Laflaur 2008  
Rafbók 2016

## FYRRI HLUTI

# PERLUR

Orðin:

Glitrandi perlur  
er setjast í augun

# ORT

Aldrei  
átt hús  
með súð  
að yrkja um

Oft  
horft á hafið  
og himininn

Séð  
fáeina steina

# ORÐIN

Skildir ekki orðin

Reyndir

að ná utan um þau

með fingrum þínum

veikburða

Líkt og

gætir fangað þau

haldið

í greip þinni

og þá

aðeins þá

yrðu þau skiljanleg

# GÖMUL SAGA

Geng út  
í rökkvað  
þorpið

Sé  
tilsýndar  
manninn  
sem missti  
höfuðið

forðum

# SPRUNGIN AUGU

Lít

í augu þín

og finn

sprungurnar

í mínum

breiðast út

Veit

að brátt

molna þau

og

brotin

sáldrast um gólfíð



# ÚÐI

Á andlit  
sest úði

Gælir  
við það  
blíðlega

Eins og  
hún  
forðum

# INNILOKUN

Lokaður inni

Þrái

að rífa gat

örlitla rifu

svo

sjái út

og

inn streymi ljós

þó

ekki væri

nema týra

# RIGNINGARNÓTT

Stari á dropana  
á rúðunni

Inn gægist  
andlit

Horfir á mig

Ég  
horfi á móti

# STJÖRNUR Á HIMNI

Til mín

brosa

stjörnur

er

lít til himins

jafnt

að nóttu

sem degi

# RADDIR

Í höfði þínu raddir

óljósar

sem

tíl þín tala

án þess

greinir

orðaskil

Fyrr en

löngu síðar

er

hættir að hlusta

# TALAÐ VIÐ VINDINN

Tala  
við vindinn

án orða

og

sé hann  
svífa hjá

með  
lokuð augu

# AUÐN

Sandurinn  
dökkur

svo langt  
sem augað eygir

Ekkert nema  
svartur sandur

Endalaus auðn

# TIL FUNDAR

Sigldum  
yfir haflötin

til fundar  
við þá  
er þjuggu  
við ströndina

áður fyrr



# DÚFA

Þú

sleppir dúfunni

úr örkinni

Hún

flýgur til mín

Tekur

laufblað úr hendi minni

Heldur til baka

Til þín

í örkina

# SKUGGAR

Skuggarnir  
er ásóttu þig  
fjarlægjast

Þú  
horfir  
á þá hverfa  
í fjarskan

Andar ekki léttar

## VIÐ VATNIÐ

Stend við vatnið

og

fylgi með augunum  
sporum í fjöruborðinu

Máist þau út

á ég

ekki afturkvæmt

# SÁUM SÓLINA

Sáum sólina

Héldum  
geislum hennar  
í lófa okkar

og  
fundum  
hita hennar  
á hörundinu

Skamma hríð

# STJÖRNUHRAP

Hrapa  
af himni  
stjörnur

setjast  
í lófa þinn

Þú  
virðir þær  
fyrir þér

Þeytir  
upp á ný

# AÐ MORGNI

Í morgunrökkriinu

þegar  
roða slær  
á himinn

galar  
haninn  
í garðinum

svo hátt  
að við  
hrökkvum upp

Brátt  
berast svör  
úr næstu görðum

# LJÓS

Greindum  
varla ljósið

er  
mjakaðist  
í átt að okkur

ofurhægt

fyrir en í augun  
skein geisli

Blindaði

# Á FJÖLLUM

Ekkert  
nema auðn

Varla steinn  
né klettur

Greini þó  
í fjarska reyk

liðast til himins

frá bústað  
útilegumanna

er  
hita vatnið

meðan  
þeir bíða mín



# Í ÞOKU

Leggst  
yfir dal

þoka

Vona  
finni leið út

áður en  
rekst á bæ

þeirra  
er mögnuðu

# TIL FJALLA

Höldum til fjalla

upp

upp

Í kofann

sem þú

reistir

á tindinum

áður

en ég fæddist

# UNDRUN

Er þú  
hefur lagt  
að baki  
leiðina löngu

og ert  
kominn  
í áfangastað

þá  
en ekki fyrr  
undrastu

hve stutt  
er síðan

varst hér síðast

# ÁTTAVILLT

Kortið týnt

Finnst hvergi  
hvernig sem leitum

Rötum því ekki  
um landið

sem  
lúrir í myrkum  
huga okkar

# Á GÖNGU UM ÓBYGGÐIR

Einn

og

fjarri öllum

á göngu

um óbyggðir

Langar

ekki að snúa aftur

En

geri samt

um síðir

# GÖNGUFERÐ

Sól

og

hestar á veginum

sem hef

gengið svo oft

stara á mig

Ég

stari á móti

í sól

og logni

# Á BARMINUM

Langaði  
að breiða út  
vængina

Varpa mér  
niður í gljúfrin

Fljúga  
í þeim miðjum

eins og  
hver annar fugl

Samferðafólksins vegna  
gerði ég það ekki

## SÍÐARI HLUTI



1

Svartar  
flugur

á

hvítum  
snjó

2

Á  
iljum mínum  
mold

heit

þrátt  
fyrir neþjuna

3

Tunglið  
gægist  
upp yfir  
tinda

snæviþakta

í  
lok maí

4

Svartur

hundur

trítlar hjá

Í kjölfar hans:

kona

á grænum jakka

5

Strýkur  
fingrum  
yfir land

Í kjölfarið  
þyrlast upp  
ryk

6

Gengur fjöruna

og

til þín brosa

gráir steinar

7

Í fjöruborði  
vappar fugl

meðan

þú

klappar

gráan

fjörustein

kaldan

8

Undir

fótum

gras

svo mjúkt

svo mjúkt



9

Gárast haf

Leggst til sunds

Syndir til hafs

10

Dvöldum

dag

og

næturlangt

við

fljótið

sem

streymdi hjá

11

Við

lágreist

grindverk

reiðhjól

lítið

Bíður

12

Þokan

svo

köld

svo

nöpur

þéttist

inni í mér

13

Baða mig  
geislum sínum

götljós  
í þokunni

minna á  
flóðljós í leikhúsi

14

Heilsa þér vindar

Harkalega

Áður en  
hendur taka í aðrar

þér ókunnar

15

Glitra  
á himni

stjörnur

Speglast  
í lygnum sjó

16

Fjöllin

hvít

niður í

miðjar

hlíðar

Yfir

voma ský

sem

ránfuglar



17

Vaki  
er þið sofið

Allt  
um kring  
rökkur

og  
tíminn

Hann silast

18

Synd

að troða

á mjöllinni

er

féll

í nótt

Samt....

19

Í fjarska  
dökkir dílar

Hverfa  
inn í  
hvíta auðn